

NÁMSLÝSING

SMÍÐJA - MATUR
FRAMLEIÐSLA Í SMÁUM STÍL

Námskrá: Smiðja 2 – 1



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSLÝSINGAR

Matur – framleiðsla í smáum stíl – í samræmi við námskrá Smiðja 2 – 1 (23-556-2-160)

VINNUSTUNDIR ÞÁTTTAKANDA

Klukkustundir 160

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorönu fólki á vinnumarkaði 18 ára eða eldri með stutta skólagöngu að baki

FJÖLDI EININGA

8 framhaldsskólæiningar

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

1. útgáfa 2026

Gert af: Farskólinn miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

- Staðfest af FA samkvæmt reglum v-hæfniviðmiða námskrár

Efnisyfirlit

NOTKUN HUGTAKA Í NÁMSLÝSINGUM FA	2
NÁMSLÝSING	2
INNTÖKUSKILYRÐI	3
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMSKRÁR SMÍÐJA 2-1	3
UMFANG OG INNIHALD	3
SKIPULAG	3
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD	4
ALMENNAR UPPLÝSINGAR TIL FRÆÐSLUAÐILA/ LEIÐBEINENDA	4
NÁMSÞÆTTIR	5
YFIRLITSTAFLA	5
VERKEFNI Í SMÍÐJU 2 – 1.1 F-SMÍÐ 1 VA (27)	6
<i>Lýsing</i>	6
VERKLAG OG VINNUBRÖÐ 2 – 1.2 F-SMÍÐ 1 VE (1)	7
<i>Lýsing</i>	7
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA, SMÍÐJA 2 – 1.3 F-SMÍÐ 1 PS (1)	8
<i>Lýsing</i>	8
VIÐAUKI.....	9

Notkun hugtaka í námslýsingum FA

Vísast til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/namskra/hugtakalisti/>

Námslýsing

Námslýsingin er gerð út frá námskrá FA Smiðja 2 – 1, (23-556-2-160), í námskrárgrunni Menntamálastofnunar og á vef FA.

Námskráin Smiðja lýsir námi á 2. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skipt í 3 námsþætti. Megintilgangur með námi í Smiðju er að nemar kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform. Áhersla er á almenna starfshæfni nema eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).

Námið í Smiðju 2-1: **Matur – framleiðsla í smáum stíl** er sjálfstætt framhald af smiðju *Matur – frá hugmynd til framleiðslu*. Smiðjan er ætluð fyrir þau sem hafa lokið fyrri smiðju og/eða eru þegar með framleiðslu í smáum stíl.

Markmið verkefnisins og áherslur í **Matur – framleiðsla í smáum stíl** er að efla og auka á færni framleiðenda til að móta sér skýra stefnu, bæði faglega en einnig rekstralega hæfni auk þess að styðja við nýsköpun og sjálfbærni hjá smáframleiðendum.

Áhersla er á að auka færni í að takast á við fjölbreyttar áskoranir í framleiðslu matvæla. Fjallað er um markaðsmál og gerð tilraun til að kryfja markaðinn. Nemar vinna heildræna markaðsáætlun fyrirtækis og einnig er komið inn á öflun nýrra viðskiptavina og mikilvægi stjórnunar viðskiptatengsla (CRM, Customer relation management). Í náminu er unnið með þarfagreiningar á innri og ytri þáttum í rekstri matvælafyrirtækja, skilgreiningu markhópa og val á miðlum við markaðsetningu til ólíkra hópa. Jafnframt er lögð áhersla á að nemar efli færni sína í samningatækni, sölu og samskiptum með verkefnum / viðfangsefnum. Til að mæta kröfum samtímans er litið til innleiðingar á nýjustu lausnum svo sem gervigreind og nýjungum í framleiðslutækni. Fjallað um möguleika til að einfalda ferla og auka arðsemi.

Að námi loknu búa nemar yfir aukinni hæfni til að gera áætlanir, tileinka sér nýsköpun, og innleiða sjálfbærni í starfsemi. Nemar þjálfast í að setja starfinu mælanleg markmið og fylgja þeim eftir með markvissum hætti í daglegum rekstri.

Námið er 160 klukkustundir að lengd, sjá nánar í yfirlitstöflu á síðu 5, þrír námsþættir og 8 einingar á framhaldsskólastigi.

Við námslok gefst nemum kostur á að óska eftir mati á náminu til eininga í framhaldsskóla. Slíkt mat getur verið breytilegt eftir námsbrautum og skólum en skólastjórnendur hvers skóla eru ábyrgir fyrir mati skólans á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

Eftirfarandi námslýsing er ætluð nemum, leiðbeinendum og fólki sem vill bjóða nám af þessu tagi. Námslýsingin er einnig ætluð fólki sem vill leggja mat á námið í tengslum við starf, nám eða annað sem þetta nám kann að hafa þýðingu fyrir.

Inntökuskilyrði

Nemendur þurfa að hafa hafið rekstur í matvælaframleiðslu og hafa færni í íslensku sem samsvarar A.2 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.

Hæfniviðmið námskrár Smiðja 2-1

Þekking:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helsta fagmáli í tengslum við verkefni smiðjunnar
- reglum, verkferlum og vinnubrögðum sem tilheyra starfinu
- eiginleikum og nýtingu efna við vinnslu verks í smiðju
- verkáætlun, verklýsingu og tengdum gögnum
- undirbúningi verks s.s. með einföldum skýringamyndum eða öðru
- virkni algengra áhaldna og tækja sem henta starfinu
- mikilvægi góðs sjálfstrausts í samskiptum.

Leikni:

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum, verkferlum og öðrum ákvörðunum á vinnustað
- vinna sjálfstætt og með öðrum að lausn verkefna
- nota mismunandi aðferðir sem hæfa verkefninu
- lesa og rissa einfaldar teikningar / skýringamyndir
- nota viðeigandi efni, meðhöndla þau m.a. til að ná fram ólíkum áhrifum
- beita viðeigandi fagþekkingu og þekkja fagmálið
- nota algeng áhöld og tæki.

Hæfni:

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á góðan undirbúning og öguð vinnubrögð
- leysa viðfangsefni / verkefni sem tilheyra starfinu
- fylgja fyrirfram ákveðnum reglum og verkferlum á vinnustað
- sýna jákvætt viðhorf til starfsins og axla ábyrgð á því
- vinna verkefnin sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- þróa hugmyndir og hagnýta tækni
- fjalla um / ræða vinnuna út frá eigin túlkun.

Umfang og innihald

Námið er alls 160 klukkustundir og skiptist í þrjá námsþætti.

Skipulag

Námið er kennt í fjarnámi ásamt einni staðlotu. Í staðlotu er farið í vettvangsferð til matvælaframleiðenda á neytendamarkaði. Þar fá nemar innsýn í daglegan rekstur, framleiðsluferla, áskoranir og árangur.

Verklegi hlutinn er þrískiptur og byggist á verkefnavinnu. Stígandi er í sjálfstæði og ábyrgð í náminu. Hæfniviðmið námsþátta eiga við skipulagt nám í mótuðu ferli með leiðbeiningum og verkstjórn leiðbeinanda og skulu henta fólki sem lærir með nokkru sjálfsforræði samkvæmt verklýsingum en undir eftirliti leiðbeinanda. Í verkefnavinnu vinna nemar sjálfstætt að skilgreindum verkefnum á vinnustað eða í smiðjunni.

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu og framkvæmd þess. Verkefnastjóri sér einnig til þess að námsþættir séu samþættir ef við á og tryggir rökrétta samfellu þeirra með leiðbeinanda. Fræðsluaðili/verkefnastjóri ber ábyrgð á að aðstaða henti verklegri þjálfun og er tengiliður við lykilstarfsfólk á vinnustað, ef við á. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnu fólki.

Mikilvægt er að leiðbeinendur séu fagfólk sem starfar öllu jöfnu við fagið sjálft. Mikil áhersla er lögð á trúnað nemenda og leiðbeinenda.

Hagnýtar upplýsingar um framkvæmd

Í upphafi eru viðfangsefni og skipulag námsins kynnt. Farið er yfir verklag og vinnubrögð, hvaða námsgögn er stuðst við og hvernig námsmati er háttað. Einnig er farið yfir verkefnaskil ef við á og að nemar fái kynningu á tækjum og tólum sem ætlast sé til að þeir noti á meðan á námi stendur. Nemar fara í vettvangsnám sem er skipulagt af verkefnastjóra og er nýtt til að auka þekkingu.

Mikilvægt er að leiðbeinandi fari yfir þær kröfur sem gerðar eru til nema um viðveru þeirra á meðan námið stendur yfir og að þeim sé afhent stundatafla. Nauðsynlegt er að gera nemum grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra og hvaða kröfur þeir geta gert til annarra.

Nemar eiga auk þess að fá kynningu á húsnæðinu sem námskeiðið fer fram í og þeim öryggisreglum og rýmingaráætlunum sem þar gilda.

Almennar upplýsingar til fræðsluaðila/ leiðbeinenda

Námið byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklingsins, samvinnu og samábyrgð nema og leiðbeinenda. Námssefni, framsetningu og framvindu náms skal sníða að forsendum fullorðinna. Námsárangur er ekki einungis vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu nema og leiðbeinenda.

Leiðbeinendur styðja við þróun nema og uppbyggingu náms. Við nám í smíðju hafa nemar tækifæri til að nýta eigin reynslu og afla nýrrar. Reynt er að tengja reynslu og veruleika nema við viðfangsefni námsins hverju sinni. Áhersla er á styrkleika hvers og eins, hvatningu í garð nemanna og að vinna traust þeirra. Veita skal leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og laga kennslu að mismunandi námsnálgunum.

Leiðbeinandi þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnum nemum og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Áhersla á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir nemanna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerir kröfu til þeirra sem heimild fá til að nota þessa námslýsingu um að formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir verði framfylgt við notkunina.

Námsþættir

Yfirlitstafla

Smiðja 2 – 1

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag - viðbót	Eining	Þrep
Verkefni í smiðju 2-1.1	F- SMID1VS (27)	20	10	10	1	1
Verklag og vinnubrögð 2-1.2	F- SMID1VE (1)	20	10	10	1	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 2-1.3	F- SMID2PS (1)	120	68	52	6	2
Vinnuframlag nema		160	88	72	8	

Verkefni í smiðju 2 – 1.1

F-SMÍÐ 1 VA (27)

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 2-1.1
Viðfangsefni	Innihald smiðju, skipulag, vinnuumhverfi

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að kynna nemum innihald, vinnuumhverfi, verkferla og verkefni smiðjunnar ásamt því að leggja grunn að stefnumótun í matvælaframleiðslu. Nemar byrja á að leggja drög að efnistöfum á lokaverkefni. Farið yfir skipulag námsins, kröfur um mætingu og vinnuframlag.

Fjallað er um stefnumótun sem unnið verður með í náminu. Farið yfir lykilþætti til að móta skýra framtíðarsýn og aðgerðaáætlun við framleiðslu matvæla.

Nemar þjálfast í að afmarka starfsvettvang sinn sem matvælaframleiðendur, skima starfsumhverfið, m.a. út frá samkeppni og koma auga á hvar tækifæri liggja í markaðssókn. Setja niður fyrir sér hvar innri og ytri vettvangur fyrirtækisins getur legið.

Rík áhersla er á fagmennsku í starfi, sjálfstæð vinnubrögð og vönduð samskipti. Nemar eru hvött til að virða trúnað innan hópsins svo hægt sé að deila þekkingu og hugmyndum um nýjungar af öryggi. Hópverkefni eru nýtt sem verkfæri til að byggja upp traust og efla samvinnu- og samskiptahæfni innan hópsins.

Hæfniviðmið 2 – 1.1

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- markmiðum og helstu viðfangsefnum smiðjunnar
- mikilvægi hópinnu og samstarfs
- gildi trúnaðar við miðlun hugmynda
- mikilvægi samskiptafærni
- eigin vinnuframlagi og faglegum starfsháttum.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- fylgja skipulagi og reglum um vinnubrögð í smiðjunni
- taka virkan og uppbyggilegan þátt í verkefnum
- koma auga á tækifæri við markaðssetningu.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- nýta tækifæri til markaðssóknar
- framkvæma stutta skimun á markaði eða markhópi.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verklag 2-1.2
Viðfangsefni	Verklýsing, verkþjálfun, vinnubrögð

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að veita nemum aukna innsýn í rekstur matvælafyrirtækja. Fjallað er um fjölbreytta nálgun í rekstri þar sem horft er til húsnæðis, framleiðslu og sölu, meðal annars út frá möguleikum til auka hagkvæmni í rekstri. Farið er yfir gerð rekstraráætlunar og skoðaðir mismunandi möguleikar rekstrarforma. Fjallað er um mikilvægi tímastjórnunar og forgangsroðunar í síkviku rekstrarumhverfi, m.a. með tilliti til lokaverkefnis. Nemar skila inn fyrstu drögum (ramma / grind) að efnistöfum lokaverkefnis.

Nemar kynna sér helstu leiðir til fjármögnunar framleiðslufyrirtækja og þær lausnir sem standa til boða. Umfjöllun og umræða um styrkjaumhverfi á landsvísu og mismundi hlutverk ólíkra sjóða. Nemar fá innsýn í umsóknarskrif og úthlutunarreglur ólíkra sjóða. Nemar vinna og kynna ýmis verkefni í tengslum við efni námsþáttar.

Hæfniviðmið 2 – 1.2

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- rekstrarumhverfi matvælaframleiðslu
- áætlunargerð fyrir framleiðslufyrirtæki
- tímastjórnun og forgangsroðun verkefna
- fjármögnun og styrkjaumhverfi.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- leita uppi möguleika í fjármögnun framleiðslufyrirtækja
- leita hagkvæmra leiða í rekstri / rekstararfyrirkomulagi
- sækja um viðeigandi styrki
- rýna í úthlutunarreglur sjóða
- byggja upp rökstuddar styrkumsóknir.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- gera rekstraráætlun sem stendur undir framleiðslukostnaði
- sækja um styrki sem veita fjármagn til matvælaframleiðslu
- setja upp skýra rekstraráætlun fyrir framleiðsluna / fyrirtækið.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Prep	2
Vinnustundir	120 (eða 68+52)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 2-1.2
Viðfangsefni	Skipulagning, vinna, vinnubrögð

Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að þjálfar nema í vinnu við stefnumótun fyrirtækis þar sem áhersla er á sjálfbærni í rekstri. Mikilvægt er að markmið fyrirtækis séu mælanleg og gildin lýsandi fyrir markmið reksturs.

Fjallað er um mikilvægi vörupróunar út frá ýmsum hliðum, m.a. á sviði tækni og hugbúnaðar. Í tengslum við nýsköpun felast oft tækifæri í markaðsmálum og rekstri. Kynnt verður hvernig hægt er að nýta gervigreind til að einfalda vinnu við m.a. markaðssetningu, rekstur og efnissköpun. Fjallað er um þróun á neytendamarkaði matvæla á Íslandi og hvernig þarfir / kröfur fólks breytast. Nemar kynnst nýsköpun í formi skapandi hugsunar með sjálfbærni að leiðarljósi. Stuðst er við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sérstaklega í tengslum við sjálfbærni.

Nemar hljóta þjálfun í samskipta, samninga- og sölutækni sem miðar að því að byggja upp tengsl við viðskiptavinum sem stuðla að farsælum viðskiptum. Jafnframt er farið í hagnýta þætti rekstrar, svo sem forgangsriðun verkefna, tíma- og fundarstjórn.

Áhersla er á þjálfun í beinum samskiptum við viðskiptavinum, undirbúning fyrir og þátttaka í vettvangsferð til matvælaframleiðenda þar sem nemar fá innsýn í daglegan rekstur, framleiðsluferla og áskoranir sem fyrirtæki standa frammi fyrir í rekstri.

Lokaverkefni sem nemar lögðu grunn að í upphafi náms er fullunnið og skilað í námsþættinum. Nemar vinna að stefnumótun fyrir framleiðslufyrirtæki. Áhersla er á sjálfstæð, fagleg vinnubrögð og getu til að rökstyðja ákvarðanir á grunni námsins.

Hæfniviðmið 2 – 1.3

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum stefnumótunar
- mælanlegum markmiðum og gildum fyrirtækja
- hvernig sjálfbærni nýtist sem leiðarljós í rekstri
- samninga- og sölutækni
- nýsköpun og vörupróun í takt við þarfir viðskiptavina.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- sýna sjálfstæð, öguð og fagleg vinnubrögð
- skima áskoranir í rekstri matvælaframleiðenda
- hagnýta gervigreind í ólíkum verkefnum
- beita faglegri samskipta- og sölutækni
- byggja upp viðskiptatengsl.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- móta grunn að stefnu fyrirtækis
- rökstyðja viðskiptalegar ákvarðanir
- innleiða breytingar með sjálfbærni að leiðarljósi
- meta og bregðast við breytingum á neytendamarkaði með skapandi lausnum.

Námsmat

Símat með áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

Viðauki

Farskólinn miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra mótaði skapalón / sniðmát (e.template) fyrir stefnumótun fyrirtækis sem unnið var af Þórhildi M. Jónsdóttur verkefnastjóra Farskólans. Hér er slóð á [stefnumótun fyrirtækis](#). Skapalónið er gert til að auðvelda fólki fyrstu skref við að móta stefnu fyrirtækis út frá áherslupáttum í rekstri.

Skjalið verður uppfært eftir þörfum og verður nýjasta útgáfan alltaf til á vefslóðinni hér. Hægt er að heimfæra upplýsingarnar, breyta þeim og bæta, til þess að þær falli sem best að hverju fyrirtæki fyrir sig.

Skapalónið er til að auðvelda og veita þátttakendum í Smiðju 2-1: ***Matur – framleiðsla í smáum stíl*** stuðning við að taka saman efni sem þarf að vera til staðar við stefnumótun lítilla og meðalstórra framleiðslufyrirtækja.

